

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. október 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2024 (2. mál).

Félag atvinnurekenda vísar til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 19. september sl., um ofangreint mál á þingskjali 2. Félagið gerir eftirfarandi atriði frumvarpsins að umtalsefni.

I. Hækkun krónutöluskatta

Í ljósi þess að yfirlýst markmið fjárlagafrumvarpsins, sem frumvarp þetta fylgir, er að stuðla að lækkun verðbólgu, þykir FA skjóta einkar skökku við að lagt skuli til að krónutöluskattar og -gjöld sem hafa bæði bein og óbein verðlagsáhrif hækki um 3,5%. Hér er ekki gengið jafnlangt og í fjárlagafrumvarpi þessa árs, þegar hækkunin nam 7,7%, en hins vegar horfið frá þeirri leið sem farin var áður, að miða hækkun krónutöluskatta við 2,5% verðbólguþröskulmarkmið Seðlabankans.


FA bendir á að fyrirtæki á neytendamarkaði hafa þurft að takast á við miklar hækkanir launa og gífurlegar hækkanir á flutningum og öllum aðfangakostnaði undanfarin misseri. Í sumum tilvikum valda hækkunir krónutöluskatta beinum verðhækkunum og í öðrum tilvikum má ætla að fyrirtæki neyðist til að velta hækkandi kostnaði af þeirra völdum út í verðlag. Þar má nefna sem dæmi hækkandi bifreiða- og eldsneytisgjöld, sem munu valda hækkun á kostnaði við vörudreifingu. Áhrifin á hækkun vísitölu neyztuverðs eru óhjákvæmileg og í greinargerð frumvarpsins metin á 0,1%, sem FA telur varlega áætlað.

FA hvetur nefndina til að gera þá breytingu á frumvarpinu að krónutöluskattar verði óbreyttir eða hækki í mesta lagi um 2,5%. Sjá nánar hér að neðan um áfengisskatta.

II. Áfengisskattar

Eins og oft áður kýs FA að beina sjónum sérstaklega að áfengissköttum. Áfengisskattar á Íslandi hafa um langt skeið verið hæstir í Evrópu og væntanlega í hinum vestræna heimi – a.m.k. hefur FA ekki tekizt að finna dæmi um aðra eins hugmyndaauðgi í skattlagningu. Engu að síður taka þeir hækkunum ár eftir ár.

FA gerði fyrr á árinu greiningu á breytingum á áfengissköttum í Evrópuríkjum um síðastliðin áramót. 7,7% hækkun á sköttunum hér á landi var þá réttlætt með vísan til mikillar verðbólgu. Í öllum Evrópuríkjum var sömuleiðis metverðbólga, víða meiri en á Íslandi. Engu að síður héldu 26 ríki af 36, sem FA skoðaði, áfengissköttum óbreyttum. Af þeim sem breyttu sköttum um síðastliðin áramót var það eingöngu Ísland sem hækkaði þá um meira en sem nemur samræmdri vísitölu neyztuverðs, eins og sjá má á myndinni hér að neðan.



Ef litið er á hlutfall skattahækkunarinnar af hækkun vísitölu neysluverðs lítur myndin þannig út:



Með öðrum orðum bætti Ísland enn Evrópumet sitt í áfengissköttum með hækkunum um síðustu áramót.

FA hefur tekið saman líkleg áhrif skattahækkunarinnar á útsöluverð nokkurra algengra áfengistegunda, sjá töflur hér að neðan.

Verð í Vínbúðinni 2023 með núverandi áfengisgjöldum

	Kassavín 3 l 14%	Léttvín 0,75 l 13%	Sterkt áfengi (gin) 0,7 l 40%	Bjór 5,6%, 0,33 l dós
Áfengisgjald	4.176,38	1.044,09	4.907,00	157,15
Skilagjald	0	30,32	30,32	18,42
Framlegð ÁTVR	1.071,78	315,94	714,19	54,83
Virðisaukaskattur	772,87	227,83	733,23	39,54
Heildsali/framleiðandi	1.777,97	680,82	1.014,26	129,06
Samtals (verð úr búð)	7.799,00	2.299,00	7.399,00	399,00

Verð í Vínbúðinni 2024 miðað við skattahækkun í fjárlagafrumvarpi

	Kassavín 3 l 14%	Léttvín 0,75 l 13%	Sterkt áfengi (gin) 0,7 l 40%	Bjór 5,6%, 0,33 l dós
Áfengisgjald	4.323,11	1.080,78	5.078,75	162,65
Skilagjald	0	30,32	30,32	18,42
Framlegð ÁTVR	1.099,27	322,81	733,49	56,21
Virðisaukaskattur	792,69	232,78	753,05	40,53
Heildsali/framleiðandi	1.783,93	682,31	1.003,39	131,19
Samtals (verð úr búð)	7.999,00	2.349,00	7.599,00	409,00

Eins og sjá má þýðir skattahækkunin að léttvínskassi og ginflaska hækka um u.þ.b. 200 krónur, léttvínsflaska um 50 krónur og bjórkippa um 60 krónur. Sömuleiðis er ástæða til að vekja athygli á að ríkið tekur til sín í formi skatta, gjalda og álagningar 86,8% af verði ginflöskunnar, 77,7% af verði léttvínskassans, 71% af verði léttvínsflöskunnar og 67,9% af verði bjórflöskunnar.

Þessi herfilega skattþíning neytenda þessarar einu neytluvöru bitnar ekki einvörðungu á neytendum, heldur einnig og ekki síður fyrirtækjum í ferðaþjónustu, veitingarekstri og áfengisframleiðslu. Framleiðsla áfengis er hraðvaxandi atvinnugrein á Íslandi og í sterkum tengslum við ferðaþjónustuna. Langmest er framleitt af bjór, þar sem alls konar nýsköpun stórra og smárra fyrirtækja hefur búið til störf um allt land.

FA hefur áður bent á að allan rökstuðning skortir fyrir því fyrirkomulagi að áfengisskattur á hvern sentílítra vínanda í bjór sé 10% hærri en áfengisskattur á sambærilega einingu í léttvíni. Eins og áður segir er framleiðsla bjórs blómleg og vaxandi innlend atvinnugrein en léttvínsframleiðsla er engin á Íslandi.

FA leggur til að gerð verði sú breyting á frumvarpinu að hætt verði við hækkun áfengisskatts, að minnsta kosti á bjór þannig að skattlagning á léttvíni og bjór jafnist.

III. Tímabundin hækkun tekjuskatts lögaðila

FA geldur varhug við hinni tímabundnu hækkun tekjuskatts lögaðila, sem lögð er til í 26. gr. frumvarpsins. Löng reynsla er af því að ívilnandi aðgerðir í skattamálum séu tímabundnar, eins og t.d. lækkun tryggingagjalds í kjölfar heimsfaraldursins, en íþyngjandi hækkunir verði varanlegar. Slíkar aðgerðir draga úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja.

IV. Að lokum

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum við frumvarpið og tengd mál á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsögðu reiðubúið að funda með nefndinni.

Virðingarfyllt,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA